



SKÝRSLA UM ÍTREKAÐA EFTIRFYLGNI: VINNUEFTIRLIT RÍKISINS (2010)

DESEMBER 2013

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3
VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM.....	5
1 INNGANGUR	6
2 VINNUEFTIRLIT RÍKISINS	7
2.1 Útdráttur úr skýrslum frá 2007 og 2010.....	7
2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim	8

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Í skýrslunni *Vinnueftirlit ríkisins* (2007) fjallaði Ríkisendurskoðun um hlutverk og verkefni Vinnueftirlits ríkisins. Stofnunin beindi átta ábendingum til Vinnueftirlitsins og fjórum til félagsmálaráðuneytis (síðar félags- og tryggingamálaráðuneyti og nú velferðarráðuneyti).

Premur árum síðar, eða árið 2010, fylgdi Ríkisendurskoðun ábendingunum eftir í skýrslunni *Skýrsla um eftirfylgni: Vinnueftirlit ríkisins* (2010). Þá reyndust allar ábendingar til Vinnueftirlitsins hafa verið framkvæmdar með þeim hætti að Ríkisendurskoðun taldi ekki þörf á að ítreka þær. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir Ríkisendurskoðunar þar um bærust hins vegar engin svör frá félags- og tryggingamálaráðuneyti um afdrif þeirra ábendinga sem beint hafði verið til þess árið 2007. Ríkisendurskoðun kannaði því sjálf, að því marki sem henni var unnt, hvort ráðuneytið hefði gripið til viðeigandi aðgerða. Svo reyndist ekki vera og voru ábendingarnar því ítrekaðar.

Í fyrsta lagi var ráðuneytið hvatt til að leggja niður stjórn Vinnueftirlitsins og stofna þess í stað vinnuverndarráð sem yrði ráðherra til ráðgjafar en hefði hvorki bein tengsl við stofnunina né aðkomu að daglegri starfsemi hennar. Frá árinu 2003 höfðu lög kveðið á um að stjórn Vinnueftirlitsins skyldi aðeins vera ráðgefandi. Þrátt fyrir það hafði hún á þessum tíma afskipti af daglegri starfsemi stofnunarinnar sem m.a. hafði óæskileg áhrif á samskipti ráðuneytis og stofnunar. Með ábendingunni taldi Ríkisendurskoðun að bregðast mætti við því misræmi sem verið hafði frá árinu 2003 á hlutverki stjórnarinnar samkvæmt lögum og í reynd og því óhagræði sem af þessu leiddi.

Í öðru lagi hvatti Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að virkja árangursstjórnunarsamning sinn við Vinnueftirlitið frá árinu 1998, þ.e. haga samskiptum sínum og eftirliti með stofnuninni í samræmi við hann.

Í þriðja lagi hvatti Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að kanna formlega möguleika á að breyta skipulagi vinnuvélaeftirlits, þ.e. hvort hagræði fælist í því að flytja hluta þess, s.s. eftirlit með farandvinnuvélum, tækjum sem eru áföst bifreiðum og öðrum hjóla-tækjum sem aka utandyra, til faggiltra skoðunarstofa á forræði Umferðarstofu (nú Samgöngustofu).

Í fjórða lagi var ráðuneytið hvatt til að kanna hagkvæmni þess að færa skráningu vinnuvéla alfarið frá Vinnueftirlitinu til Umferðarstofu, sem og umsýslu með starfsréttindum vegna slíkra véla.

**SKÝRSLA FRÁ 2007 UM
HLUTVERK OG VERKEFNI
VINNUEFTIRLITS
RÍKISINS**

**PREMUR ÁRUM
SÍÐAR VORU ÁBEND-
INGAR TIL RÁÐU-
NEYTISINS ÍTREKAÐAR**

**STJÓRN VINNU-
EFTIRLITSINS YRÐI AÐ
STARFA Í SAMRÆMI
VIÐ LÖG**

**VIRKJA ÞYRFTI
ÁRANGURSSTJÓRN-
UNARSAMNING RÁÐU-
NEYTIS OG STOFNUNAR**

**META ÞYRFTI ÁVINN-
ING AF FÆRSLU EFTIR-
LITS OG SKRÁNINGAR
VINNUVÉLA ANNÆÐ**

**STJÓRN VINNU-
EFTIRLITSINS NÚ
AÐEINS RÁÐGEFANDI**

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneyti árið 2013 hefur fyrsta ábendingin komið til framkvæmda því stjórn Vinnueftirlitsins sé nú aðeins ráðgefandi. Ástæða þess sé einkum sú að núverandi stjórn stofnunarinnar sé áfram um að fylgja lögum í þessu efni. Ríkisendurskoðun telur því ekki þörf á að ítreka ábendinguna en hvetur velferðarráðuneyti til að tryggja að stjórn Vinnueftirlitsins, Vinnueftirlitið og það sjálft starfi ávallt í samræmi við gildandi lög óháð því hverjir sitja í stjórninni á hverjum tíma.

**ÞRÍJÁR ÁBENDINGAR AF
FJÓRUM EKKI ENN
KOMNAR TIL
FRAMKVÆMDA**

Hinar þrjár ábendingarnar hafa ekki enn komið til framkvæmda. Ráðuneytið telur þær þó enn réttmætar. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneyti árið 2013 hefur það hvatt Vinnueftirlitið til að gera sjálfsmat á starfsemi sinni og rekstri í samræmi við viðurkennda forskrift. Það mat geti orðið innlegg í nýjan árangursstjórnunarsamning sem taki mið af núverandi starfsemi stofnunarinnar. Þá hafi ekki verið lagt mat á ávinning þess að færa eftirlit og skráningu vinnuvéla til Samgöngustofu (áður Umferðarstofu). Ráðuneytið taldi hins vegar fátt mæla gegn því.

**ÁBENDINGARNAR
ÍTREKAÐAR MEÐ
ÖRLÍTIÐ BREYTTRI
ÁHERSLU**

Í ljósi framangreinds ítrekar Ríkisendurskoðun þrjár ábendingar sínar til ráðuneytisins í annað sinn með örlítið breyttri áherslu þó, auk þess sem tvær ábendinganna eru nú felldar saman í eina.

ÍTREKAÐAR ÁBENDINGAR TIL VELFERÐARRÁÐUNEYTIS

1. KOMA ÞARF Á ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGI MILLI AÐILA

Velferðarráðuneyti og Vinnueftirlit ríkisins verða að gera með sér nýjan árangursstjórnunarsamning sem tekur mið af núverandi starfsemi stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun telur að sjálfsmat á stjórnun, starfsemi og rekstri Vinnueftirlitsins geti lagt gagnlegan grunn að slíkri samningagerð. Ráðuneytið og Vinnueftirlitið verða síðan að nýta samninginn sem virkt stjórn- og samskiptatæki þegar þau hafa samþykkt hann.

2. META ÞARF ÁVINNING AF ÞVÍ AÐ FÆRA EFTIRLIT OG SKRÁNINGU VINNUVÉLA TIL SAMGÖNGUSTOFU

Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneyti til að kanna með formlegum hætti ávinning af því að flytja ábyrgð á eftirliti og umsjón með skráningu vinnuvéla frá Vinnueftirliti ríkisins til Samgöngustofu, auk umsýslu með starfsréttindum vegna slíkra véla. Þetta myndi þó ekki gilda um vinnuvélar sem eingöngu eru notaðar á vinnustað, s.s. lyftara.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM

ÍTREKAÐAR ÁBENDINGAR TIL VELFERÐARRÁÐUNEYTIS¹

„Velferðarráðuneytið vísar til bréfs, dags. 14. nóvember 2013, þar sem óskað er eftir viðbrögðum ráðuneytisins við þeim ábendingum sem beinast að því ásamt stuttri greinargerð um hvort og þá hvernig brugðist verði við þeim. Ráðuneytið hefur farið yfir umræddar ábendingar og vill jafnframt upplýsa um að ráðherra hefur boðað að hún muni skipa nefnd sem verði falin heildarendurskoðun á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, á árinu 2014. Enn fremur mun hún skipa nefnd um mótun vinnumarkaðsstefnu og skipulag vinnumarkaðsmála svo stuðla megi betur að velferð þeirra sem starfa á innlendum vinnumarkaði sem og að tryggja virka þátttöku sem flestra á vinnumarkaði í því skyni að auka samkeppnishæfni Íslands, m.a. með hliðsjón af tillögum verkefnastjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld. Samtök aðila vinnumarkaðarins ásamt fleiri aðilum munu eiga fulltrúa í framangreindum nefndum og mun ráðherra sérstaklega óska eftir að umræddar nefndir fjalli um þær ábendingar er lúta að hlutverki stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og mati á ávinningi af því að færa eftirlit og skráningu vinnuvéla til Samgöngustofu. Að því er varðar þá ábendingu að koma skuli á árangursstjórnunarsamningi milli ráðuneytisins og Vinnueftirlits ríkisins mun ráðuneytið taka upp viðræður við Vinnueftirlit ríkisins þar að lútandi þegar það hefur lokið vinnu sinni við að sjálfsmat sitt á stjórnun, starfsemi og rekstri og byggist á matslíkaninu CAF. Áætlað er að vinnu nefndanna verði lokið fyrir lok árs 2014.“

¹ Ekki höfðu borist viðbrögð frá velferðarráðuneyti þegar skýrslan var upphaflega gefin út hinn 3. desember 2013. Ofangreind viðbrögð bárust daginn eftir, 4. desember.

1 INNGANGUR

RÍKISENDURSKOÐUN ER SJÁLFSTÆÐ EFTIRLITSSTOFNUN ALÞINGIS

Ríkisendurskoðun er eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórnsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Slík endurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu á almannafé, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekja athygli á því sem hún telur að hafi farið úrskeiðis í rekstrinum og benda á leiðir til úrbóta.

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórnsluendurskoðun (ISSAI 3000) er hverri úttekt Ríkisendurskoðunar fylgt eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi er lögð megináhersla á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem stofnunin vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

KANNAÐ HVERNIG RÁÐUNEYTIÐ HEFUR BRUGÐIST VIÐ ÍTREK- UÐUM ÁBENDINGUM FRÁ 2010

Í þessari eftirfylgniúttekt er gerð grein fyrir niðurstöðu ítrekaðrar eftirfylgni Ríkisendurskoðunar með skýrslunni *Vinnueftirlit ríkisins* (mars 2007). Leitast var við að meta hvort og þá hvernig félags- og tryggingamálaráðuneyti (nú velferðarráðuneyti) hefur brugðist við þeim fjórum ábendingum sem beint var til þess í eftirfylgniskýrslu frá desember 2010.

Ríkisendurskoðun aflaði upplýsinga hjá velferðarráðuneyti. Ráðuneytið fékk drög að skýrslunni einnig til umsagnar, auk þess sem sérstaklega var óskað eftir viðbrögðum þess við þeim tveimur ábendingum sem þar er beint til þess. Viðbrögð ráðuneytisins eru birt orðrétt í kaflanum *Viðbrögð við ábendingum*. Vinnueftirlit ríkisins og stjórn stofnunarinnar fengu einnig drög að skýrslunni til umsagnar. Ríkisendurskoðun þakkar þeim sem veittu upplýsingar við vinnslu úttektarinnar.

2 VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

2.1 ÚTDRÁTTUR ÚR SKÝRSLUM FRÁ 2007 OG 2010

Í úttekt Ríkisendurskoðunar [Vinnueftirlit ríkisins](#) (mars 2007) var leitast við að meta hvernig stofnunin sinnti lögbundnu hlutverki sínu og verkefnum og eins hvort verkefni hennar sköruðust við verkefni annarra eftirlitsstofnana. Miklar breytingar urðu á starfsumhverfi Vinnueftirlitsins þegar breyting á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum tók gildi árið 2003, sbr. lög nr. 68/2003. Meðal annars er þar kveðið með skýrari hætti en áður á um ábyrgð atvinnurekanda á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað. Þá höfðu nýju lögin m.a. í för með sér að starfsaðferðir við eftirlit Vinnueftirlitsins breyttust, t.d. varð nú hægt að fela faggiltum skoðunarstofum tiltekin eftirlitsverkefni fyrir hönd stofnunarinnar.

Í skýrslunni var átta ábendingum beint til Vinnueftirlits ríkisins. Þær lutu að rekstri stofnunarinnar, árangri vinnuverndarstarfs, markaðseftirliti, aðferðum í fyrirtækjaeftirliti, rannsóknnum og samþættingu eftirlits, fræðslu og ráðgjafar. Fjórum ábendingum var beint til félagsmálaráðuneytis (síðar félags- og tryggingamálaráðuneyti, nú velferðarráðuneyti). Ráðuneytið var hvatt til að:

- Leggja stjórn Vinnueftirlits ríkisins niður en skipa þess í stað vinnuverndarráð sem yrði samráðsveitvangur vinnumarkaðar og stjórnvalda.
- Virkja árangursstjórnunarsamning sinn við Vinnueftirlit ríkisins.
- Kanna með formlegum hætti hagræði af því að flytja hluta vinnuvélaeftirlits frá stofnuninni til faggiltra skoðunarstofa á forræði Umferðarstofu (nú Samgöngustofu).
- Kanna hagkvæmni þess að hafa skráningu vinnuvéla og umsýslu með starfsréttindum vegna slíkra véla alfarið hjá Umferðarstofu.

Í *Skýrslu um eftirfylgni: [Vinnueftirlit ríkisins](#)* (desember 2010) leitaðist Ríkisendurskoðun við að meta hvernig brugðist hefði verið við ábendingum stofnunarinnar frá árinu 2007. Vinnueftirlit ríkisins hafði þá að mati Ríkisendurskoðunar brugðist með fullnægjandi hætti við öllum ábendingum sem til þess hafði verið beint.

Ríkisendurskoðun óskaði á hinn bóginn ítrekað eftir viðbrögðum félags- og tryggingamálaráðuneytis (nú velferðarráðuneyti) við þeim ábendingum sem beint hafði verið til þess en án árangurs. Þar sem engin svör bárust frá ráðuneytinu kannaði Ríkisendurskoðun sjálf, eftir því sem hægt var, hvort það hefði gripið til viðeigandi aðgerða. Svo reyndist ekki vera og því ítrekaði stofnunin allar ábendingar sínar til ráðuneytisins.

**ÁRIÐ 2007 VAR METIÐ
HVERNIG STOFNUNIN
SINNTI LÖGBUNDNU
HLUTVERKI SÍNU**

**ÁRIÐ 2010 HÖFÐU ALLAR
ÁBENDINGAR TIL VINNU-
EFTIRLITSINS KOMIÐ TIL
FRAMKVÆMDA**

**HINS VEGAR VORU
ALLAR ÁBENDINGAR TIL
RÁÐUNEYTISINS
ÍTREKAÐAR ÁRIÐ 2010**

2.2 VIÐBRÖGD VIÐ ÁBENDINGUM OG MAT Á ÞEIM

1. TRYGGJA ÞARF AÐ STJÓRN VINNUEFTIRLITS RÍKISINS SÉ RÁÐGEFANDI

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2007 kom fram að til ársins 2003 hafi stjórn Vinnueftirlits ríkisins gegnt yfirstjórnarhlutverki gagnvart stofnuninni. Með breytingu það ár á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varð hlutverk stjórnarinnar eingöngu ráðgefandi. Í lögnum segir m.a. að ráðherra skipi forstjóra Vinnueftirlitsins til fimm ára í senn. Forstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar og beri lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni. Þá segir að ráðherra skipi stjórn Vinnueftirlitsins til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum frá aðilum vinnumarkaðarins. Hún skuli bera ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegri stefnumótun stofnunarinnar og vera forstjóra hennar til ráðgjafar í málum sem tengjast bættum aðbúnaði, öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum.

Í skýrslunni kom fram að breytingin væri í samræmi við stefnu stjórnvalda um að gera auknar kröfur til forstöðumanna stofnana og gera valdsvið þeirra og ábyrgð skýrari gagnvart viðkomandi ráðuneyti. Stjórn stofnunarinnar og forstjóri hafi átt erfitt með að laga sig að breyttu hlutverki stjórnar og það hafi m.a. truflað samskipti stofnunar og ráðuneytis. Þannig gagnrýndi Ríkisendurskoðun t.d. að stefnumótun Vinnueftirlitsins hefði verið unnin í samvinnu stofnunar og stjórnar hennar án aðkomu ráðuneytisins. Eftir lagabreytingu árið 2003 hefði stofnunin átt að móta stefnu sína í samvinnu við ráðuneytið og stjórnin eingöngu að vera þeim til ráðgjafar. Ríkisendurskoðun lagði til að stjórnin yrði lögð niður og í staðinn stofnað vinnuverndarráð sem yrði samráðsvettvangur vinnumarkaðar og stjórnvalda. Það yrði ráðherra til ráðgjafar en hefði ekki bein tengsl við stofnunina til að tryggja skýr skil milli stjórnsýslu hennar og aðila vinnumarkaðarins.

Árið 2010 voru framangreindir annmarkar enn til staðar og því ítrekaði Ríkisendurskoðun ábendingu sína.

Samkvæmt upplýsingum velferðarráðuneytis í júní 2013 var við endurskoðun laganna árið 2003 ræddur sá möguleiki að skipa vinnuverndarráð í stað stjórnar stofnunarinnar en samkomulag hafi ekki náðst um þá tilhögun við aðila vinnumarkaðarins. Hins vegar náðist samkomulag, eins og löggin bera með sér, um fjölskipaða stjórn sem væri stefnumótandi og ráðgefandi. Hlutverk stjórnar sé m.a. að gera tillögur til ráðherra um úrbætur á sviði vinnuverndar og veita umsögn um frumvörp til laga, reglugerða eða annarra reglna er falla undir gildissvið vinnuverndarlaga. Að mati ráðuneytisins er þessi aðkoma samtaka vinnumarkaðarins að stefnumótun í málaflokknum mikilvæg.

Velferðarráðuneyti staðfesti við Ríkisendurskoðun árið 2013 að núverandi stjórn Vinnueftirlitsins sé áfram um að fylgja lögum í þessu efni. Hún sé því eingöngu ráðgefandi og hafi hvorki aðkomu að daglegri starfsemi Vinnueftirlitsins né afskipti af samskiptum stofnunar og ráðuneytis. Valdumboð og ábyrgð ráðuneytisins gagnvart Vinnueftirlitinu séu því skýr og óumdeild. Í ljósi þessa telur Ríkisendurskoðun ekki þörf á að ítreka ábendingu sína. Stofnunin brýnir velferðarráðuneyti engu að síður til að beita sér fyrir því að stjórn Vinnueftirlitsins, Vinnueftirlitið og það sjálft fari ávallt að lögum í þessu efni óháð því hverjir sitja í stjórn Vinnueftirlits ríkisins á hverjum tíma.

STJÓRN VINNUEFTIRLITSINS STARFAÐI EKKI Í SAMRÆMI VIÐ LÖGBUNDIÐ HLUTVERK SITT

KANNAÐUR MÖGULEIKI Á AÐ SKIPA VINNUPERNDARRÁÐ Í STAÐ STJÓRNAR EN SAMKOMULAG NÁÐIST EKKI

VELFERÐARRÁÐUNEYTI SEGIR NÚVERANDI STJÓRN VINNUEFTIRLITSINS STARFA Í SAMRÆMI VIÐ LÖG

2. KOMA ÞARF Á ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGI MILLI AÐILA

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2007 kom fram að árið 1998 hafi ráðuneytið og Vinnueftirlitið gert með sér árangursstjórnunarsamning. Þar var kveðið á um hlutverk stofnunarinnar, áherslur og markmið sem sett skyldu fram með skýrum tölulegum hætti svo hægt væri að meta árangur hennar. Þar kom einnig fram hvernig samskiptum hennar við ráðuneytið skyldi háttað og hverjar gagnkvæmar skyldur aðila væru. Þessi samningur var aldrei virkjaður. Ráðuneytið fór t.d. aldrei fram á að fá þau gögn sem stofnuninni bar að láta því í té og það átti að taka afstöðu til samkvæmt samningnum. Ríkisendurskoðun hvatti ráðuneytið til að bæta úr þessu.

Í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2010 kom fram að ráðuneytið hefði ekki enn virkjað árangursstjórnunarsamning sinn við Vinnueftirlitið. Ríkisendurskoðun ítrekaði því ábendingu sína og hvatti ráðuneytið til að gera árangursstjórnunarsamninginn að því stjórn- og eftirlitstæki sem honum væri ætlað að vera.

Í júní 2013 upplýsti velferðarráðuneyti Ríkisendurskoðun um að það hefði stofnað teymi til að halda utan um árangursstjórnun ráðuneytisins og stofnana þess. Það eigi m.a. að kanna hvaða árangursstjórnunarsamningar eru þegar til og virkja þá eftir þörfum. Á fundi Ríkisendurskoðunar með ráðuneytinu í september 2013 kom fram að það hafi hvatt allar stofnanir sínar til að nýta sér matslíkanið CAF (*Common Assessment Framework*). Líkanið er hannað fyrir aðila hjá ríki og sveitarfélögum til að gera sjálfsmat á stjórnun sinni og starfsemi með það að markmiði að draga fram umbótataekifæri. Vinnueftirlitið hefur fengið kynningu á líkaninu en vinna þess við matið er ekki enn hafin. Þá tók ráðuneytið fram að samskipti og upplýsingagjöf milli þess og Vinnueftirlitsins séu regluleg og fari t.d. fram á mánaðarlegum fundum, auk þess sem stofnunin skili ráðuneytinu ávallt ársskýrslu og samanburðarskýrslum frá fyrra ári.

Ábendingin hefur ekki komið til framkvæmda og því ítrekar Ríkisendurskoðun hana en þó með breyttri áherslu. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan árið 1998. Í stað þess að virkja árangursstjórnunarsamning sem var gerður fyrir 15 árum verður ráðuneytið að gera nýjan árangursstjórnunarsamning við Vinnueftirlitið sem tekur mið af núverandi starfsemi stofnunarinnar og kröfum um árangur. Matslíkanið CAF getur verið gagnlegur grunnur til að byggja slíkan samning á því það dregur fram núverandi stöðu í stjórnun, rekstri og starfsemi stofnunarinnar.

3. META ÞARF ÁVINNING AF ÞVÍ AÐ FÆRA EFTIRLIT OG SKRÁNINGU VINNUVÉLA TIL SAMGÖNGUSTOFU

Í skýrslu sinni árið 2007 setti Ríkisendurskoðun fram ábendingu um að ráðuneytið athugaði með formlegum hætti hagræði þess að flytja hluta vinnuvélaeftirlits, s.s. vegna farandvinnuvéla, tækja sem eru áföst bifreiðum og öðrum hjólatækjum sem aka utan dyra, frá Vinnueftirlitinu til faggiltra skoðunarstofa á forræði Umferðarstofu (nú Samgöngustofu). Í annarri ábendingu af svipuðum toga lagði Ríkisendurskoðun til að ráðuneytið kannaði hagkvæmni þess að færa skráningu vinnuvéla og umsýslu með starfsréttindum vegna slíkra véla alfarið frá Vinnueftirlitinu til Umferðarstofu. Hvort tveggja gæti haft samlegðaráhrif í för með sér og þar með aukna skilvirkni, hagkvæmi

ÁRIÐ 2007 LÁ FYRIR ÖVIRKJAÐUR ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR FRÁ 1998

ÁRIÐ 2010 HAFÐI RÁÐUNEYTIÐ EKKI ENN VIRKJAÐ ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGINN

RÁÐUNEYTIÐ HVATT TIL AÐ GERA NÝJAN ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNING VIÐ VINNUEFTIRLITIÐ

META ÁVINNING AF ÞVÍ AÐ FÆRA HLUTA VINNUVÉLAEFTIRLITS FRÁ VINNUEFTIRLITINU

**META ÁVINNING AF ÞVÍ
AÐ FÆRA SKRÁNINGU
VINNUVÉLA FRÁ
VINNUEFTIRLITNU**

og árangur. Þá væri líklegt að þetta yrði til hagsbóta fyrir neytendur, t.d. væri eigandi vörubifreiðar með krana þá ekki lengur háður skráningu og eftirliti tveggja aðila.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2010 kom fram að Vinnueftirlitið hefði gert tilraun með flutning á einum vinnuvéla flokki til Umferðarstofu, þ.e. hleðslukrana á vöru- og flutningabifreiðum. Ekkert lá fyrir um árangur af þeirri tilraun. Þá kom fram að skráning vinnuvélaeftirlits væri byggð upp með ólíkum hætti hjá Umferðarstofu og Vinnueftirlitinu. Stofnunin hefði ákveðið að hafa frumkvæði að auknu samstarfi við Umferðastofu og hún teldi æskilegt að byrja á að tengja upplýsingaskrár stofnananna saman. Könnun á hagkvæmni við skráningu véla og flutningur stjórnáslu starfsréttinda vegna vinnuvéla væru þó á forræði ráðuneytisins. Að öðru leyti hafði ekkert gerst í málinu. Ríkisendurskoðun ítrekaði því báðar ábendingarnar.

**RÁÐUNEYTIÐ VINNUR AÐ
FRUMVARPI TIL BREYTINGA
Á LÖGUM UM
AÐBÚNAÐ OG ÖRYGGI Á
VINNUSTÖÐUM**

Í júní 2013 upplýsti velferðarráðuneyti Ríkisendurskoðunar um að félags- og húsnæðismálaráðherra, annar tveggja ráðherra ráðuneytisins, áformi á haustþingi 2013 að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Óformlegur vinnuhópur sé að störfum vegna þessa sem í eigi sæti fulltrúar ráðuneytisins, Vinnueftirlitsins og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Hann hafi það verkefni að endurskoða tiltekin atriði í lögnum en ekki sé um heildarendurskoðun þeirra að ræða. Hópnun hafi m.a. verið falið að skoða sérstaklega þær tvær ábendingar Ríkisendurskoðunar sem hér eru til umfjöllunar. Ráðuneytið benti þó á að flutningur vinnuvélaeftirlits í heild eða hluta geti komið til framkvæmda að óbreyttum lögum þar sem í lokamálsgrein 82. gr. þeirra komi fram að ráðherra sé heimilt að ákveða að tiltekin eftirlitsverkefni Vinnueftirlitsins verði falin annarri opinberri stofnun eða faggiltum skoðunarstofum. Í samtölum sínum við Ríkisendurskoðun taldi ráðuneytið fátt mæla gegn því að eftirlit og skráning vinnuvéla færðist til Samgöngustofu þó að vissulega yrði að vanda vel undirbúning slíkrar tilfærslu. Þetta eigi þó ekki við um vinnuvélar sem eingöngu séu notaðar á vinnustað, s.s. lyftara. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til að hraða þessari vinnu eftir föngum.

**ÁBENDINGARNAR
SAMEINAÐAR Í EINA
ÁBENDINGU OG
ÍTREKAÐAR ÞANNIG**

Þó að hreyfing sé komin á málið er enn óljóst hvernig því mun reiða af. Ríkisendurskoðun ítrekar því þær tvær ábendingar sem hún setti fram í eftirfylgniskýrslu sinni árið 2010 um þetta efni, þ.e. að gera þurfi formlega athugun á breyttu skipulagi vinnuvélaeftirlits og kanna hagkvæmni við skráningu véla. Það er þó gert með breyttu sniði því ábendingarnar eru sameinaðar í eina ábendingu um að meta þurfi ávinning af því að færa eftirlit og skráningu vinnuvéla til Samgöngustofu.